

Nefndasvið Alþingis  
Umhverfis- og samgöngunefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 1. desember 2020

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um aukna skógrækt til kolefnisbindingar, 139. mál.**

Skógræktin lýsir yfir mikilli ánægju með tillöguna og leggur til að hún verði samþykkt. Tillagan og greinargerðin sem henni fylgir er í senn metnaðarfull, raunhæf og ítarleg og hvetur til aukinnar umhverfislegrar, félagslegrar og hagrænnar sjálfbærni á Íslandi, með aukinni nýskógrækt (ræktun nýrra skóga). Ljóst er að vandað hefur verið til verksins af flutningsmönnum tillögunnar, enda finnur Skógræktin hvergi í henni atriði sem henni þykir ástæða til þess að gera athugasemdir við.

Skógræktin starfar eftir lögum um skóga og skógrækt nr. 33/2019. Markmiðum laga nr. 33/2019 er lýst í 1. gr.:

- a. að vernda náttúruskóga landsins og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra,
- b. að vernda og endurheimta líffræðilega fjölbreytni,
- c. ræktun nýrra skóga til að byggja upp fjölbreytta skógarauðlind til sjálfbærra nytja,
- d. að nýting skóga sé sjálfbær þannig að skógarnytjar skili sem mestum hagrænum, félagslegum og umhverfislegum ávinningi fyrir samfélagið,
- e. að skógrækt verði í samræmi við skipulagsáætlanir og náttúruvernd,
- f. að auðvelda aðgengi fólks að skógum til útivistar og auka þekkingu fólks á málefnum skóga og skógræktar,
- g. að stuðla að kolefnisbindingu með ræktun skóga og aðlögun þeirra að loftslagsbreytingum,
- h. að skógrækt stuðli að verndun jarðvegs og dragi úr hugsanlegu tjóni vegna náttúruvár.

Skógræktin, með vísun til fyrrgreindra laga (3.gr.), annast ræktun og umhirðu skóga á jörðum í ríkiseigu en einnig fjárhagslega og faglega hvatningu til landeigenda, til þess að þeim sé gert kleift að rækta, hirða um og nýta skóga á landi í einkaeign. Enn fremur vinnur hún að þróun skógræktarstarfs, með rannsóknum og þróunarstarfi, aflar og miðlar upplýsingum um skóga og skógrækt og hefur yfirsýn yfir og eftirlit með áætlununum og framkvæmdum í skógrækt. Skógræktin vinnur um þessar mundir að *Landsáætlun í skógrækt*, skv. 4. grein fyrrnefndra laga. Í þeirri áætlun skal kveða á um stefnu stjórnvalda hvað varðar stöðu og framtíð skóga í landinu, ásamt tölusettum markmiðum um árangur í skógrækt, og endurskoða á fimm ára fresti.

Þingsályktunartillagan samræmist vel öllum þeim markmiðum og áherslum sem sett eru fram í lögum um skóga og skógrækt. Yrði hún hvatning til að vinna að auknum krafti að því að ná markmiðum í lögunum um skóga og skógrækt. Um leið myndu þær aðgerðir sem hvatt er til með tillögunni nýttar til þess að uppfylla markmið Parísarsamkomulagsins í loftslagsmálum og markmiðsins um kolefnishlutlaust Ísland árið 2040, enda réttilega nefnt í tillögunni að skógrækt sé álitin ein skilvirkasta aðgerðin til þess að draga úr nettó-losun gróðurhúsalofttegunda á jörðinni. Slíkar aðgerðir myndu um leið nýtast til þess að leiða af sér samfélagslegan ábata, efla lífríkið, vinna gegn uppblæstri og jarðvegsrofi sem og stuðla að traustari efnahagslegri starfsemi og atvinnusköpun í dreifðum byggðum landsins.

Virðingarfyllst, f.h. Skógræktarinnar.



**Dr. Aðalsteinn Sigurgeirsson**

Fagmálastjóri,  
Skógræktin, aðalskrifstofa  
Miðvangi 2-4  
700 Egilsstaðir  
adalsteinn@skogur.is, s. 8987862